

Brjef landshöfðingja til stiðtsyfírváldanna um borgun fyrir þjónustu presta- 89
kalls. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit hinna heiðruðu stiðtsyfírvalda í brjefi 8. júlí.
 28. maí þ. á., viðvíkjandi beiðni prestsins á Skinnastöðum, sjera Þorleifs Jónssonar, um
 útborgun á uppþót Fjallapingaprestakalls fyrir næstliðið fardagaár, skal jeg hjermeð
 biðja yður að afhenda rektor Jóni Þorkelssyni hjálagðar 2 fullmaktir og tjá honum, að
 samkvæmt 3. gr. tilskipunar frá 6. jan. 1847, sbr. tilsk. 3 febr. 1836, IV, verði sjera
 Þorleifur að semja um það við sjera Einar Vigfússon, sem skipaður var prestur í Fjalla-
 pingum 3. sept. f. á., og þessvegna á tekjum kallsins það fardagaár á móts við hinn
 þjónandi prest þar, hvern hluta hann fái af tekjum þessa prestakalls fyrir þjónustu þess
 síðastliðið fardagaár og geti 600 kr. tillagið úr landssjóði fyrir það ár því eigi að svo
 komnu orðið greitt samkvæmt hinni framsendu fullmakt.

En að því er kemur til þeirra 200 kr., sem hin fullmaktin hljóðar uppá, og
 sem sjera Þorleifur álitur sig eiga tilkall til af uppþót Fjallapinga fardagaárið 1881—82
 fyrir þjónustu þess nokkurn hluta þess árs, skal þess getið, að sjera Pjetri Jóns-
 syni var sem þáverandi presti í Fjallapingum greitt allt það tillag, sem brauðinu bar
 það ár úr landssjóði, og verður sjera Þorleifur því að snúa sjer til hans, ef hann álitur
 sig eiga tilkall til endurgjalds fyrir prestsþjónustu í Fjallapingum nefnt fardagaár.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um búna- 90
aðarskólastofnun Múlasýslna á Eyðum — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, sem 14. júlí.
 forseta amtsráðsins í norður- og austuramtinu, í þóknanlegu brjefi 11. f. m., samþykki
 jeg hjermeð, að sýslunefndirnar í Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu fái útborgaðar til-
 tölur sínar úr búnaðarskólaskóði norður- og austuramtsins og að búnaðarskólalagjalðið úr
 sýslum þessum greiðist eptirleiðis til sýslunefndanna þar, þó með því skilyrði, að amts-
 ráðið verði, áður en útborgunin megi eiga sjer stað, búið að fá í hendur og ræða reglu-
 gjörð fyrir búnaðarskólastofnun sýslanna á Eyðum, sem það fyrir sitt leyti vill fallast
 á, og enn fremur að því verði sendur til yfirlita reikningur yfir tekjur og gjöld skóla-
 stofnunarinnar á skólaárinu 1883—1884 og yfir kostnaðinn við að koma henni á fót.

Sömuleiðis vil jeg, samkvæmt beiðni ofanefndra sýslunefnda, er þjer sem for-
 seti amtsráðsins hafið mælt með í þóknanlegu brjefi dagsettu 13. f. m., og samkvæmt
 heimild þeirri, er þartil er veitt í 3. gr. skipulagsskrár 4. marz 1878 fyrir styrktarsjóð
 handa þeim, er biða tjón af jarðeldi á Íslandi, veita nefndri búnaðarskólastofnun, með
 sömu skilyrðum og að framan eru sett fyrir útborgun búnaðarskólalagjaldsins til þeirra,
 vextina af hinni föstu innstæðu sjóðs þessa fyrir síðastliðið ár eða 884 kr., en um það
 hvort vextirnir eptirleiðis verði veittir til skólans, mun ákvörðun verða tekin seinna meir,
 þegar búið er að ákveða að fullu um fyrirkomulag skólastofnunarinnar, og býst jeg við
 að þjer leggið undir samþykki landshöfðingja frumvarp til reglugjörðar handa skólanum,
 þegar amtsráðið er búið að ræða það og samþykkja fyrir sitt leyti.

Auglýsing

um kólerusótt á Suður-Frakklandi.

Með því að kunnugt er orðið, að hin austurlenzka kólerusótt gengur í ýmsum
 21. d. júlímán. 1884.

91 frakkneskum bæjum við Miðjarðarhafið, þá auglýsist hjermeð, samkvæmt 2. gr. laga frá 18. júlí. 17. desember 1875, um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands, að reglum þeim, sem settar eru í nefndum lögum, ber fyrst um sinn að beita, að því er snertir skip, sem koma hingað til landsins frá frakkneskum höfnum við Miðjarðarhafið.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 18. júlí 1884.

Bergur Thorberg.

Jón Jenson.

92

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í suðuramtinu 3.—4. júní 1884.

Árið 1884, 3. dag júnímánaðar átti amtsráð suðuramtsins fund með sjer á skrifstofu amtmannsins í suðuramtinu í Reykjavík. A fundinum voru: hinn setti amtmaður í suðuramtinu og sem kosnir amtsfulltrúar, amtsráðsmaður dr. Grímur Thomsen og varaamtsráðsmaður, kaupm. Guðm. Thorgrímson, sem oddviti hafði boðað á fundinn, með því að kjörtími Skúla prófests Gíslasonar var á enda, og kosningar til amtsráðsins að nýju ekki um garð gengnar.

Þessi málefni komu til umræðu:

1. Forseti lagði fram reikning um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs suðuramtsins fyrir árið 1883, og fannst ekkert athugavert við hann annað en það, að amtsráðið álitur, að hjeraðslæknum ekki beri borgun fyrir ferðakostnað, þegar þeir sjálfir fara ferðir til að bólusetja og fá borgun fyrir bólusetninguna. En í þetta sinn vill amtsráðið láta standa við það, sem gjört hefir verið.
2. Forseti lagði fram reikning yfir búnaðarskólagjaldið í suðuramtinu 1883; var hann yfirfarinn, og fannst ekkert athugavert við hann.
3. Forseti lagði fram leigulíðasjóðsreikning suðuramtsins fyrir árið 1883; var hann einnig yfirfarinn, og fannst heldur ekkert athugavert við hann.
4. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga:
 - a. Reikning Borgarfjarðarsýslu fyrir árið 1882. Amtsráðið fól forseta að brýna fyrir sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu fyrir mæli vegalaganna um vegagjörð á sýsluvegum bæði um stjórn á vegabóttagjaldi sýslunnar og um framkvæmd vegabótanna og umsjón með, að þær sjeu vel af hendi leystar. Að öðru leyti fannst ekkert athugavert við reikning þennan.
 - b. Reikning Rangárvallasýslu fyrir árið 1883. Amtsráðið athugaði, að greiddur hefði verið úr sýslusjóði kostnaður við undirbúning á endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861, en með því að jarðamat og endurskoðun hinnar gildandi jarðabókar ekki er sveitarmálefni heldur landsmálefni, þá áleit amtsráðið, að kostnaður þessi ætti ekki að lenda á sýslusjóði. Annað var ekki athugavert við reikninginn.
 - c. Reikning Vestur-Skaptafellssýslu fyrir árið 1883, og
 - d. Reikning Austur-Skaptafellssýslu fyrir sama ár.

Við þessa reikninga var ekkert að athuga.

- e. Reikning Árnessýslu fyrir árið 1878, sem amtsráðið hafði sent aptur til yfirskóðunar í sýslunefndinni; hafði hann nú verið endurskoðaður af 2 sýslunefndar-